

**Fundargerð aðalfundar LSG 18. maí 2005**  
**haldinn í húsi Nýherja, Borgartúni 37 kl. 18.00**

Fundarstjóri var kjörinn Jón Freyr Þórarinsson.

I. Erling Ásgeirsson formaður setti fundinn og flutti skýrslu formanns.

Meðfylgjandi er skýrslan, en aðalþættir hennar voru:

1. Kynning á núverandi stjórn.
2. Upplýsingar um áætlunarferðir sumarsins, þar sem fram kom að þeir sem sáu um áætlunarferðir s.l. sumar munu ekki halda áfram og voru þeim þökkuð vel unnin störf. Rakin voru samskipti LSG við bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og þær upplýsingar að Hafsteinn og Kiddý munu sjá um áætlunarferðir á komandi sumri en farpantanir eiga að berast ferðaskrifstofu Vestfjarða.
3. Æfingaleiðangur á vegum breska varnarmálaráðuneytisins 11.- 19. júlí 2004 í friðlandi Hornstranda.
4. Kynning á Umhverfisstofnun og Hornstrandanevnd sem heyrir undir stofnunina.
5. Nýbygging í Fljótavík
6. Gistiaðstaða í Hornbjargsvita á komandi sumri.
7. Smíði bryggju á Hesteyri
8. Rekstur björgunarskýla, þar sem fram kom að Bolvíkingar höfðu unnið mikið við endurnýjun skýlisins á Látrum.
9. Ákvörðun stjórnar um að halda almennan fund á Ísafirði vorið 2006.

II. Skýrsla gjaldkera Guðríðar Benediktsdóttur:

Meðfylgjandi er yfirlit yfir endurskoðaða reikninga félagsins. Eign félagsins er kr. 326.935 þar af voru greidd félagsgjöld kr. 92.000.-

Ábending kom frá Jóni Frey að spara mætti kostnað við kaup á giróseðlum með því að óska eftir að félagsgjöld væru greidd inn á reikning félagsins.

III. Stjórnin gaf kost á sér til áframhaldandi starfa og var hún endurkosin ásamt varamönnum og skoðunarmönnum með lofataki.

Félagsgjöld verða óbreytt.

IV. Næst á dagskránni var erindi sem Jón Björnsson landvörður flutti.

Jón hóf mál sitt með umfjöllun um hvernig komið hefði til að landsvæði okkar var gert að friðlandi. Hann leitaði fanga hjá Finni Torfa og í bók Ferðafélags Íslands frá 1968. Vissir landeigendur munu hafa dregið vagninn varðandi þetta mál. Nú er stefnan sú að færa friðlöndin meira til yfirráða landeigenda eða sveitafélaga. Jón vinnur nú sem landvörður á vegum Ísafjarðarbæjar og bæjarstjórn leggur áherslu á góða samvinnu við landeigendur.

Heildarkostnaður við friðlandið síðastliðið ár var kr. 1450.000.-, þar af greiddi Umhverfisstofnun kr. 800.000.-. Starf landvarðar er m.a. að þjónusta landeigendur, ferðamenn og þjónustuaðila og þar með fylgir að gefa margskonar upplýsingar um friðlandið, umgengnisreglur, gönguleiðir, gróður og dýralíf, gistimöguleika, áætlunarferðir og margt fleira. Til stendur að þetta verði heilsárs starf, en hugsanlega endar landvarsla í höndum landeigenda sjálfra. Bogga í Fljótavík og Bæring á Sæbóli eru góðir leiðbeinendur gesta.

Kostnaður við flutninga og aðra þjónustu er mikill og stöðugt verið að bæta við gjöldum og álögum á bátana.

Ferðamenn voru flestir í kringum 1980.

Árið 1997 voru 2.300 manns og smá fjölgun hefur orðið eða upp í 3.800 – 4000 manns sem eru að koma inn í friðlandið. Helmingur þessa hóps fer í sumarhúsin, 600 – 700 manns fer í sérstakar gönguferðir, en mest fjölgun er í dagsferðamönnum, sem voru 25 % í fyrra. 1,8 af heildartölunni eru þeir sem gista í tjaldi í Höfn og eru þá oftast 3 nætur. Líklegt má telja að fjölgun verði á dagsferðamönnum og að eftir nokkur ár geti heildartalan orðið 6000 manns.

Gerð var skoðanakönnun meðal ferðamanna og landeigenda í ljós kom að þeir voru nokkuð sammála og vildu ekki miklar breytingar frá því sem nú væri. Óánægja kom hjá ferðamönnum yfir að þeir vildu ekki hafa svona marga ferðamenn á svæðinu! Lengi voru útlendingar 10 % af ferðamönnum, en eru nú 16 % og eru flestir göngufólk og margir þeirra vilja kveikja varðeld í fjörunni eða kynda bál hjá tjaldinu, en það er alveg bannað.

Árið 1999 var unnið skipulag eða drög að skipulagi yfir friðlandið sem aldrei fékkst sátt um og athugasemdir landeiganda ekki teknar til greina. Nú er stefnan sú að LSG sé sá aðili sem kemur að slíku skipulagi og að skipulagning friðlandsins verði í fullri sátt við landeigendur sem eru bestir til að líta eftir landinu og vilja vernda það. Það þarf minni landvörslu þar sem landeigendur eru í húsum sínum. Ekki ætti að stika leið sem aldrei var farin af ábúendum.

Ref hefur fækkað um 35 % undanfarin ár og stuttnefja er á valista í allri veröldinni, grunur er um ólöglega skotveiði.

Rætt hefur verið um að stækka friðlandið og fá allan Drangajökul inn, en það var andstaða gegn því frá ýmsum landeigendum sem áttu land þar að. Skoðað var hvort Hornstrandafriðland kæmist á heimsminjaskrá en því var hafnað þar sem ekkert væri þar sem ætti sér ekki einhverja samsömun annarsstaðar.

### **Það er lykilforsenda að öflugt samstarf verði milli Ísafjarðarbæjar og landeigenda.**

V. Önnur mál:

Jón Freyr Þórarinnsson skýrði frá nýstofnuðu félagi Látramanna. Stjórn félagsins skipa: Jón Freyr formaður og meðstjórnendur Gísli Hermannsson, Guðmundur Pálsson og Margrét Sæmundsdóttir.

Þorvarður Jónsson skýrði frá melefni sjávarjarða, SES. Ragnar Aðalsteinsson var ráðinn til að aðstoða SES og skrifa ráðherrum sjávarútvegs, forsætis, landbúnaðar, fjármála og umhverfis þar sem óskað er eftir að fá á ný útræðisrétt sjávarjarða og veiðiréttindi innan netlaga. Skilgreint verði beltí út frá jörðum að 115 metrum út frá stórstraumsfjöruborði eða dýpt, en það er skilgreint í Grágás og ákveðin mið fylgdu oft jörðum, en ákvæði um netlög hafa gilt frá Grágás. Rétturinn hefur verið tekinn af sjávarjörðum og á ekki að vera tekinn bótalaust.

Rúmlega 2000 jarðir eru með land að sjó.

Þorvarður leitaði eftir styrk frá LSG við málaferli SES, og var stjórn LSG falið að skoða málið nánar.

Ekki voru fleiri mál tekin til umræðu og fundi slitið.

Matthildur Guðmundsdóttir.

Atalfundur LSG 18. maí 2005

<u>Nafn</u>	<u>Heimili</u>
Jón Friðriksson	Spítavogi 66
Margrét Guðjónsdóttir	Heiðarasi 17 110 R
Guðli Árnannsson	— " —
Þórunn Vagnhildsdóttir	Jöklatóla 41 112. R
Jónanna Hermannsdóttir	Kirkjubæjarsandi 5. R
Richard Hansen	Vesturlóni 46, Akranesi
Jón Björnsson	Fjarðarstræti 7 Ísaf.
Kristján S. Ólafsson	Hlístígum 19 R
Þjóga Jóhannsdóttir	Smáragammi 14 Lafr.
Jóhannus Páll Jónsson	Hellisjöklu 31. Hf., Sabal
Sigurður Guðmundsson	Kopavogsbætur 4. B Sabal
Jón Bergmann	Kirkjubæjarsandi 1 Reykjavík, Harðgata
Ólafur Guðmundsson	Kjarnmónum 4, 210 Garðabæ
Þórunn W. Valdimarsdóttir	Selbrekku 28 200 Kopavogur
Helgi Þórnell	Karðatorg 14 Hafnar
Ólafur Jónsson	Austurgerði 2, 108 Reykjavík
Egmontur Halldórsson	Efstaleiti 10, 103 Reykjavík
Dómkidur Eftelidsdóttir	Efstaleiti 10, 103 Reykjavík
Ingibjörg Guðmundsdóttir	Skaffahlíð 36. 105 Reykjavík
Ingibjörg Jónsdóttir	Sælkhammar 7 R.
Steina B. Júlíusdóttir	Ólafsgesli 123. R.
Ólafur Sigurður Sigurðardóttir	Harðgata 4 R.
Þórunn Þ. Sigurðardóttir	Böðablaun 15 Garðabæ
Jón Þórnell	— " —
Rósa Ingibjörg Jónsdóttir	Staðarbakka 8 R.
Ólafur Björnsson	— " —
Bergdís Þindur Jónsson	Jóns hönd Kjartans T. Ólafssonar, Vallholti 39. 800 Self.

Sigríður Þóðaksdóttir  
Kristján Guðmundsson  
Hönsið & Eggstörn  
Ólafur Þorgeir

Veslurbergi 46 R.

— " —

Urðavegur 37 Ísafj.